

Mannréttindaráð

Ár 2017, þriðjudaginn 28. febrúar var haldinn 191. fundur mannréttindaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.12.00. Fundinn sátu Elín Oddný Sigurðardóttir, Diljá Ámundadóttir, Sabine Leskopf, Magnús Már Guðmundsson, Jóna Björg Sætran, Hildur Sverrisdóttir og Magnús Sigurbjörnsson. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Elísabet Pétursdóttir, sem var fundarritari.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. febrúar 2017, um breytingu á áheyrnafulltrúa í mannréttindaráði. Arnaldur Sigurðarson tekur sæti sem áheyrnafulltrúi í stað Þórlaugar Ágústadóttur sem jafnframt tekur sæti varaáheyrnafulltrúa í stað Kjartans Jónssonar. R14060108
2. Lögð er fram skýrsla Evrópunefndarinnar gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi, dags. 6. desember, 2016 um stöðu mála á Íslandi.
3. Fram fer umræða um margbreytileikafræðslu mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga fjölmeningarráðs vegna fjölmeningarþings Reykjavíkur 2017:

Að fjölmeningarþing fari fram 25. mars, 2016 í Ráðhúsi Reykjavíkur og Iðnó. Að fyrirkomulag umræðna verði með þeim hætti að bæði verði opnar spurningar og stutt könnun í lok hverrar umræðu, með já/nei/veit ekki svarmöguleikum. Eftirfarandi umræðuefni verði rædd á þinginu: Atvinnumál, húsnæðismál fjölmeningardagur, ráðgjöf fyrir innflytjendur.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillögunni er vísað til framkvæmda mannréttindaskrifstofu.

Samþykkt.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga fjölmeningarráðs um kosningu fulltrúa í fjölmeningarráð 2017:

Að kosning þriggja fulltrúa í fjölmeningarráð, sem kosnir eru af þátttakendum á fjölmeningarþingi, verði til fjögurra ára í stað tveggja. Að kosning verði rafræn og að allir þátttakendur á Fjölmeningarþingi sem búsettir eru í Reykjavík hafi kosningarétt. Að kosning fari fram innan tveggja vikna eftir að þingið verður haldið. Að fundir fjölmeningarráðs fari fram á íslensku.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillögunni er vísað til mannréttindaskrifstofu sem senda mun erindi til forsætisnefndar um breytingar á samþykktum fyrir fjölmeningarráð í samræmi við tillöguna.

Samþykkt.

- Kl. 13.22 vikur Hildur Sverrisdóttir af fundi

Fundi slitið kl. 13.27

Elín Oddný Sigurðardóttir

Sabine Leskopf
Hildur Sverrisdóttir
Jóna Björg Sætran

Diljá Ámundadóttir
Magnús Már Guðmundsson
Magnús Sigurbjörnsson